

Ed.

404. Breytingartillögur

[18. mál]

við frv. til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 6. gr. 1. másl. 1. mgr. orðist svo:
Í fyrirtækjum, þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd.
2. Við 50. gr. Ný málsgrein komi, er verði 2. mgr. og orðist svo:
Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku skulu fylgja með, um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang, þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.
3. Við 73. gr. 3. mgr. orðist svo:
Vinnueftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun.
4. Við 78. gr. g-liður orðist svo:
fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði, tækni- og tækjabúnað og fleira. Einnig um notkun efna, þegar í lögum eða reglugerðum er mælt svo fyrir, að leyfi Vinnueftirlits ríkisins þurfi til.
5. Við bráðabirgðaákvæði. Nýr liður komi, er verði 3. liður og orðist svo:
Félagsmálaráðherra skal fyrir 1. júní 1981 setja reglugerð um þau ákvæði laga þessara, sem snerta landbúnaðinn.
Skal þar m. a. kveðið á um aðild Stéttarsambands bænda að ákvörðunum um þau ákvæði laganna er sérstaklega varða landbúnaðinn. Reglugerðin skal samín í samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands.